

FUNDARGERÐ

367. fundur stjórnar HEF veitna ehf., haldinn á skrifstofu félagsins, þriðjudaginn 18. júní 2026 kl. 13:00.

Mætt eru:

Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Ívar Karl Hafliðason (ÍKH), Helgi Ómar Bragason (HÓB), Eiður Ragnarsson (ER) og Hólmfríður Rut Einarsdóttir (HRE) og Aðalsteinn Þórhallsson (AB).

Af aðalmönnum er Helgi Hlynur Ásgrímsson fjarverandi.

Gestur á fundinum: Fjóla Sigurðardóttir, skrifstofustjóri (#4)

Ágústa Björnsdóttir setur fund og stýrir lið 1 og 2 og að því loknu tók Ívar Karl Hafliðason við fundarstjórn

Dagskrá:

- 1 Niðurstaða hluthafafundar 18. júní um kjör stjórnar
- 2 Stjórn skiptir með sér verkfum – kjör stjórnarformanns
- 3 Skipulag stjórnarstafs og helstu gögn
- 4 Fjárhagur 2026 – staða og áætlanir
- 5 Verkefni – yfirlit og áherslur
- 6 Rekstrarforsendur Fjarvarmaveitu Seyðisfjarðar
- 7 Jarðhitaleit á Héraði
- 8 Fellabrun 1 – leigurými (norðurálma)
- 9 Varmadæluáðgjöf í dreifbýli (áður á dagskrá fundar #358)
- 10 Tjónakröfur á félagið (áður á dagskrá fundar #366)
- 11 Starfsmannamál
- 12 Samorka – fréttir
- 13 Önnur mál

Gengið til dagskrár

Fundurinn er fyrsti fundur nýrrar stjórnar félagsins eftir skipan á hluthafafundi 18. júní.

1 Niðurstaða hluthafafundar 18. júní um kjör stjórnar

Aðalmenn	Kennitala
Ívar Karl Hafliðason	140981-4199
Eiður Ragnarsson	260272-3739
Ágústa Björnsdóttir	150862-2569
Helgi Hlynur Ásgrímsson	011069-5259
Hólmfríður Rut Einarsdóttir	080688-2969

Ívar Karl Hafliðason, Ágústa Björnsdóttir og Helgi Hlynur Ásgrímsson eru endurkjörin til áframhaldandi setu í stjórn félagsins. Eiður Ragnarsson og Hólmfríður Rut Einarsdóttir taka nú sæti í stjórn félagsins.

Vilhjálmur Jónsson og Hildur Þórisdóttir láta af stjórnarstörfum eftir lok kjörtímabils síns.

Stjórn og framkvæmdastjóri þakka Vilhjálm og Hildi fyrir störf þeirra í þágu félagsins og óskar þeim velfarnaðar. Framkvæmdastjóra falið að uppfæra upplýsingar um stjórn félagsins á heimasíðu HEF veitna.

Varamenn	Kennitala
Þórir Stefánsson	120172-5499
Ólafur Arnar Hallgrímsson	130261-4349
Guðmundur Bj. Hafþórsson	051075-4399
Helgi Ómar Bragason	300754-4739
Páll Baldursson	190574-3189

2 Stjórn skiptir með sér verkfum – kjör stjórnarformanns

Formaður: Ívar Karl Hafliðason

Varaformaður: Eiður Ragnarsson

Ritari: Ágústa Björnsdóttir

Meðstjórnendur: Helgi Hlynur Ásgrímsson og Hólmfríður Rut Einarsdóttir

Samþykkt samhljóða og tók Ívar við stjórn fundarins.

Fundagerðir eru staðfestar með rafrænni undirritun af fundamönnum fljótlega eftir hvern fund og fundagerð send eiganda og vistuð á heimasíðu félagsins. Fundargerð síðasta fundar, #366, hefur verið afgreidd með þeim hætti.

3 Skipulag stjórnarstafs og helstu gögn

a. Þagnarheit stjórnarmanna

Viðtakandi stjórnarfolk mun árita yfirlýsingu um þagnarheit um málefni félagsins með rafrænum hætti.

b. Fundartími fastra funda stjórnar

Stjórn haldi reglulega fundi sína annan þriðjudag í hverjum mánuði kl. 13:00.

c. Eigandastefna, samþykktir HEF o.fl.

Fyrir fundinum liggja: Eigandastefna, samþykktir, reglugerð, auk yfirlits um fundi síðustu tveggja starfsára og fundargerð síðasta aðalfundar félagsins. Til kynningar.

d. Starfsreglur stjórnar – til kynningar

Fyrirliggjandi starfsreglur stjórnar lagðar fram til kynningar. Reglurnar verði yfirfarnar af stjórnarmönnum og til uppfærslu eða staðfestingar á næsta reglulega fundi stjórnar.

4 Fjárhagur 2026 – staða og áætlanir

Farið yfir niðurstöðu rekstrar fyrir tímabilið janúar-apríl 2026 og borið saman við áætlun.

Fjola upplýsti stjórn um hvað lægi að baki mismuni á einstaka liðum og þar munar nokkru um hversu rafmagnskostnaður hefur hækkað á árinu.

Fjolu þökkuað greinargóð svör.

5 Verkefnin – yfirlit og áherslur

Listi um helstu mál á borði stjórnar lagður fram og kynntur lauslega.

Fyrir er lagður listi helstu verkefna sem í gangi eru.

Helstu verkefni á framkvæmdastigi:

a. Markarland, Djúpavogi

Framvinda hefur verið allgóð, efsti hluti svæðisins hefur verið frágenginn eftir lagningu fráveitulagnar – kafla Vegagerðarinnar. Verkið er seinlegt vegna mikils magns eldri lagna í götunni.

b. Lagarfell, Fellabæ

Ekki liggur fyrir hvort ráðist verður í framkvæmd verksins á árinu, eða því frestað til vors 2027.

c. Melshorn – hreinsistöð fráveitu

Verkefnastjóri og framkvæmdastjóri hafa rætt við verktakann og með hvaða hætti verði hægt að hraða verklokum. Uppfærð tímaáætlun verksins liggur fyrir fundinum.

d. Jarðhitaleit á Seyðisfirði og Djúpavogi

Borbræður boruðu niður á 390 m dýpi á Seyðisfirði og er hitinn rúm 31°C í botni. Nú er unnið að því að dæluþrófa holuna en við borun var útlit fyrir nokkuð vatnsmagn sem kom að mestu leyti ofarlega úr holunni en lítið þar fyrir neðan. Dæluþróf leiðir í ljós hvaða auðlind holan hefur að geyma. Stefnt er á grunna hitastigulsholu í Vestdal á næstunni sem ætti að taka 2 daga.

Stefnan hefur síðan verið tekin á Djúpavog en fyrir það bíða Borbræður eftir hjólakrónubúnaði svo fara megi í dýpkun DPV-36 úr 408 m í 500 m+. Að því loknu gæti næsta stóra skref verið að fara í stefnuborun á vinnsluholu. Þrívíddarlíkanið sem ÍSOR gerir fyrir okkur er ákveðið í sinni mynd og erfitt að nálgast upprunann öðruvísi en með stefnuborun. Sú hola yrði líklega staðsett enn austar en nýjustu holur og fyrir norðan veg. Sumarið fer í vettvangskannanir og mælingar og fundi með ÍSOR um áframhaldið.

e. Jarðhitaleit Borgarfirði eystra

Hitastigulsholur verða boraðar sem fyrst, eins og að hefur verið stefnt.

f. Miðlunartankur á Borgarfirði

Byggingarframkvæmdum við miðlunartank eru langt komnar, lagnavinna í tæknirými tanks í undirbúningi.

6 Rekstrarforsendur Fjarvarmaveitu Seyðisfjarðar

Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum.

Málið í vinnslu og verður aftur á dagskrá næsta fundar.

7 Jarðhitaleit á Héraði

Fulltrúar aðila hafa fundað með landeigendum í Eiðapinghá og mál þokast rólega.

Unnið er að því að klára umsókn rannsóknaleyfis á Urriðavatnssvæðinu, vestan Lagarfljóts og næsta nágrennis. Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram og leggja fyrir næsta fund.

8 Fellabrunn 1 – leiguréymi (norðurálma)

Norðurálma hússins hefur verið auglýst til leigu hjá INNI, fasteignasölu.

9 Varmadæluþögn í dreifbýli (áður á dagskrá fundar #358)

Heimsóknunum er lokið. Ráðgjafi vinnur að skýrslugerð fyrir hvert heimili. Fasteignaeigendum verður gefinn 2-3 vikna frestur til að svara, hvort þeir hafi áhuga á að verða með í framhaldinu. Stefnt er á magninnkaup á búnaði og efni í nafni HEF.

Næst er að kanna áhuga verktaka til að plægja hitaslaufur í heimatún og kanna hvort og hvaða iðnaðarmenn eru áhugasamir og á lausu í verkefnið.

10 Tjónakröfur á félagið (áður á dagskrá fundar #366)

Útistandandi tryggingakröfur á félagið hafa verið gerðar upp við tjónþola. Framkvæmdastjóra falið að yfirfara skilmála trygginga og funda með tryggingafélagi um úrbætur skilmála og samninga.

11 Starfsmannamál

Védís Vaka er í fæðingarorlofi.

Steini verður í fjarvinnu í vetur.

Stjórn leggur áherslu á að þjónustustigi verði haldið á sumarleyfistíma.

12 Samorka – fréttir

Á vettvangi Samorku er nú unnið að uppfærslu Tæknilegra tengiskilmála vatnsveitna. Einnig er starfandi hópur um endurskoðun Orkulaga (hitaveitulaga) frá 1967, sem stjórnvöld hyggjast yfirara ítarlega og vonandi einfalda umgjörð hitaveitna.

Til upplýsingar.

13 Önnur mál

Ekkert bókað.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundi slitið kl. 18:10

Fundargerð ritaði: Ágústa Björnsdóttir.

Undirritanir á næstu síðu.

